

Ingibjörg Árnadóttir

(1924–2023)



Inga Árna, heiðursfélagi JÖRFÍ, var í hópi þess fólks sem mótaði Jöklarannsóknafélagið á sjötta áratug 20. aldar. Hún kvaddi í byrjun nóvember 2023, þá nýorðin 99 ára gömul. Inga er mörgum minnisstæð og afrekaði margt á sinni löngu ævi. Hún var skíðadrottning, keppti á alþjóðlegum skíðamótum auk þess sem að hún vann fjölda keppna hér á landi. Hún fór sína fyrstu vorferð með Jöklarannsóknafélaginu á Vatnajökul árið 1956. Var það byrjunin á vegferð sem stóð vel á sjöunda tug ára.

Frásagnir af ævintýralegum snóbílaferðum frá upphafsárunum á víslum og Gusa, Bombardier snjóbjól Guðmundar Jónssonar, vitna um liðinn tíma þegar fyrstu skrefin til skipulegra rannsókna á Vatnajökli voru stigin. Tungnaá var brúuð 1968 og sá tími því löngu liðinn að fara þyrfti Hófsvað á vörubílum með snjóbjóla á palli á leið í Jökulheima, þegar undirritaður byrjaði að fara í vorferðir á Vatnajökul árið 1987. Í upphafi 10. áratugsins voru GPS-tæki komin í farartækin og því hægt að ferðast með öryggi um jökulinn þó ekkert væri skyggnið. Aðstæður voru því gjörólíkar því sem var á 6. og 7. áratugnum. Leiðir okkar Ingu lágu fyrst saman fyrir rúmum 30 árum, í vorferðinni 1992. Þá var hún komin fast að sjötugu og nokkuð um liðið síðan hún hafði farið á Vatnajökul. Auðvelt var að kynnast Ingu. Hún hafði góða nærveru, var

glæðsinna og kippti sér ekki upp við smámuni enda margreynd í jöklabراسi. Hún kundi frá mörgu að segja frá upphafsárunum vorferða. Skyndilega varð til tenging við þá ævintýralegu tíma sem lýst er í ferðasögum í Jökli. Jafnframt tókst vinátta sem hélst alla tíð. Inga hélt áfram að taka þátt í vorferðum allt fram á fyrstu ár þessarar aldar. Minnistæð er stutt ferð í kjölfar vorferðar 2007 með nokkrum heiðursfélögum, en flest höfðu þau komið að fyrstu skálabyggingunni á Grímsfjalli 50 árum áður. Vatnajökull skartaði sínu fegursta – það var eins og allt legðist á eitt við að gera þessa afmælisferð sem besta. Þarna var Inga, komin á nírræðisaldur, ung í anda og í essinu sínu eins og jafnan á jökli. Inga var gift Herði Hafliðasyni, sem var rómður ferðagarpur og einn af heiðursfélögum JÖRFÍ. Saman fóru þau á jökla og um hálendið vítt og breitt í góðra vina hópi og smituðu börnin sín af hinni góðu jöklabakteríu. Hörður varð bráðkvaddur tæplega sextugur að aldri árið 1982. Það var mikið áfall fyrir Ingu og börnin. En hún hélt sínu striki og stundaði áfram útiveru og fjallaferðir. Sá sem þetta ritar varð formaður JÖRFÍ 1998. Það var mikill styrkur fyrir ekki eldri mann að eiga stuðning og velvilja eldri kynslóðarinnar í félaginu. Þar var hlutur Ingu stór og fyrir það verð ég alla tíð þakklátur.

Magnús Tumi Guðmundsson